



Skólaráðfundur fimmtudaginn 18. desember 2024

Fundinn sátu: Þorgerður, Þorgerður Kristín (í fjarveru Þóreyjar), Þóra (fundarritari), Sigríður Rún, Guðlaug Hrönn, Heiðdís, Sigurlín Sæunn, Una Guðrún, Þorvarður, Felix og Íris.

Fundur hefst- Þorgerður biðst afsökunar á að þetta sé fyrsti fundur annarinnar, ætlar að gera betur.

Dagskrá

1. Skólastarfið á haustönn, mönnun, nemendafjöldi og staða framkvæmda

Fjölgaði um 100 börn á hvoru skólastigi. Það var áskorun að taka á móti þeim öllum, reyndi á þar sem ekki var allt starfsfólk komið í hús og það misvant að vinna með börnum. Eins hafa verið veikindi hjá starfsfólki og langtímaveikindi. Farið yfir kennaramál- fjölgun þeirra og kennaranemar. Erum fjölmennasta stofnun Garðabæjar, yfir 160 starfsmenn. Gengur vel heilt yfir, starfsfólki líður vel á vinnustaðnum. Mikil fjöldi barna í hverfinu og fyrirséð að skólinn mun stækka hratt. Færanlegu skólastofurnar eru hér og verða áfram til að mæta fjölgun nemanda.

2. Niðurstöður skólapúlsins

Una fer yfir niðurstöður Skólapúlsins.

2.-5. Bekkur – áhyggjuefni er að ánægja af lestri, sérstaklega hjá drengjum hefur minnkað. 20% foreldra hér hefur væntingar til barna sinna að þau fari í háskólanám- þurfum að vera með eftirá spurningar- til að fá nánari skýringar. Lestrarfærnin er meiri en ánægjan er.

Ánægja með skólann er minni- stelpur óánægðri en drengir. Hér þarf líka eftirá spurningar til frekari greiningar. Greina þarf væntingar barnanna til skólans. Skoða þarf hvað það er sem gerir skólann spennandi. Skoða þarf hvað breyttist frá því í fyrra.

Nemendur er óánægð með matinn. Vilja fá ítalskan kokk sem er með pasta, pizzur og sushi. Rætt um mat almennt, mikið um e-efni hjá Matartímanum, alltaf brauð í nónhressingu og ávextir. Kostnaður stór þáttur. Almennt eru 20% óánægð með mat sama hvað heilt yfir þjóðfélagið.

6.-10. Bekkur – á pari við landið. Markvisst yfir landsmeðaltali af ánægju af náttúrufræði og trú á eigin getu. Farið yfir eineltisspurningar – 6 spurningar. Verið að vinna með menningartengd mál á unglingsstigi og Kvan er með í þeirri vinnu. Starfsfólk frá öllum deildum fundaði um félagskönnunina sem gerð var í skólanum og þau kortlögðu tengsl barnanna við starfsfólk. Eins var farið yfir með börnunum hvað einelti er og gerður greinamunur á því og stríðni/ósætti. Samskiptavika verður í janúar, þar sem samskiptasáttmálinn verður kynntur. Ekkert eineltismál er opið í skólanum í dag en alls konar samskiptamál eru í vinnslu. Leggja þarf áherslu á við nemendur hverjar væntingar til þeirra eru og kennarar þurfa að leggja inn til hvers er verið að kenna þeim þá hluti sem lagðir eru fyrir, gera tilganginn skýrann.

Farið er yfir mikilvægi hinsegin fræðslu og símalaus skóla. Rætt um tónlist í tímum kosti og galla, gott til að vinna með en þau missa oft þá af fyrirmælum og kennslu.

Starfsmannakönnun leikskóla frá vori 24. Erum á pari við landið. Duglegri að vera með starfsmannasamtöl en meðaltalið, ánægja með vinnuaðstöðu og styttingu vinnuviku. Farið yfir eineltismál meðal starfsmanna. Stjórnun kemur vel út. Mikil óánægja er með stuðning í



URRIÐAHOLTSSKÓLI

leikskólanum við börn með sérþarfir, það á sér skýringar. Foreldrar setja ekki inn upplýsingar við innritun um sérþarfir og það tekur tíma að bregðast við og fá inn stuðning. Möguleiki er að verið er að misskilja spurninguna, það eru ekki allt starfsfólk inn í öllum málum og því áttu þau sig mögulega ekki á hvaða vinna er í gangi. Hvað er það sem starfsfólk gerir væntingar um að sé gert fyrir börnin? Starfsfólk vil meiri sýmenntun.

Starfsmannakönnun grunnskólastarfsfólks.

Erum á pari við landið í starfinu, erum marktækt yfir leikni í starfi og skuldbindingu til vinnustaðarins. Starfsandinn góður. Skoða þarf hnökra í samskiptum, þau eru í vinnslu. Ánægja með yfirmenn. Kennarar eru þeir ánægðustu á landinu. Trú á eigin getu er góð. Upplifa að þau fái góðan stuðning vegna sérkennslu.

3. Skóladagatal skólaársins 2025-2026

Þorgerður fer yfir skóladagatal. Samræmt leik- og grunn í Garðabæ. Spurt um athugasemdir. Engar athugasemdir. Skóladagatal samþykkt. Rætt um vetrarleyfi og samræmingu við önnur sveitarfélög. Ath öskudagur á að vera gulur á skóladagatali- vantaði uppá á- fundur upplýstur.

Heiðdís þarf að yfirgefa fundinn.

4. Starfsáætlun og ársskýrsla, sjá meðfylgjandi.

Þorgerður biður um athugasemdir. Guðlaug er með athugasemdir um starfsáætlun.

Þorgerður sendi ranga skýrslu- frá fyrra ári. Það verður leiðrétt.

Vefsíða Urriðaholtsskóla- mikil óánægja. Vilji til að gera ályktun til að senda á skólanefnd og fræðslustjóra.

Guðlaug fer yfir sínar athugasemdir. Vantar námsáætlun í upplýsinga og tæknimennt. Val á unglingastigi- vantar frekari upplýsingar um það. Ath öryggisáætlun, er í vinnslu en vantar inn t.d. um ofbeldismál. Bendir á að aðrir skólar í Garðabæ eru með 6 skólaráðsfundi á ári.

5. Önnur mál

a. Samstarf við MMS og prófun á nýjum matskvörðum

Þorgerður fer yfir þessa nýja kvarða. Fögnum þessari vinnu. Mikil vinna á skólaskrifstofu Garðabæjar til að sjá raun stöðu og þróum sl. ára. Rætt um mismun milli skóla hvað einkunnir varðar og skort á samræmdum matskvörðum.

b. Nemendaráð

Þorgerður ræðir um félagasmálaval og á næsta fundi verður fulltrúi nemanda vonandi með okkur.

c. Þróunarsjóður

Fengum úthlutanir í ýmis verkefni sem er kynnt á fundinum.

d. Skólanámskrá – endurskoðun á vorönn

Næsti fundur bókaður- 5. febrúar kl. 9. Fundi slitið kl. 10.19.